



HÚNAÞING
VESTRA

SIÐAREGLUR STARFSMANNA HÚNAÞINGS VESTRA

Mars 2025

1. gr. Markmið og gildissvið siðareglna

Markmið siðareglna starfsmanna sveitarfélagsins er að skilgreina það háttarni og viðmót sem starfsmenn sveitarfélagsins sýna við störf sín. Siðareglurnar eru leiðbeinandi við framkvæmd daglegra starfa með hagsmuni sveitarfélagsins og þjónustuþega þess að leiðarljósi.



Siðareglurnar marka þau siðferðilegu gildi sem við tileinkum okkur og höfum í heiðri í störfum okkar fyrir Húnaþing vestra.

2. gr. Starfsskyldur

Við gætum þess að framkoma og athafnir okkar í starfi samræmist starfinu sem við gegnum. Við gætum þess að fara eftir þeim lögum, reglum og samþykktum sem við eiga hverju sinni. Við sinnum starfi okkar af alúð og samviskusemi og í samræmi við starfslýsingu og réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningi og ráðningarsamningi.

3. gr. Trúnaður

Við virðum trúnað og erum bundin þagnarskyldu um allt það er við verðum áskynja um í starfi okkar og í samskiptum við íbúa, viðskiptavini, samstarfsfólk og aðra sem til okkar leita. Við nýtum ekki upplýsingar sem við fáum í störfum okkar í eigin þágu, í þágu hagsmuna einstakra haghafa eða tengdra aðila. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starf.



4. gr. Samskipti og framkoma

Við sýnum hver öðrum, íbúum og viðskiptavinum virðingu, trúnað, góða þjónustulund og fagmennsku í störfum okkar. Við vöndum okkur í samskiptum og stuðlum að góðum starfsanda.

Við sýnum ábyrgð í rafrænum samskiptum og netnotkun bæði í leik og starfi og fjöllum um málefni sveitarfélagsins á ábyrgan hátt.

5. gr. Hagsmunaárekstrar og jafnræði

Við setjum almannahagsmuni ofar sérhagsmunum og förum vel með það vald sem okkur er falið. Við gætum hlutleysis í hvívetna og forðumst að láta skyldleika, vensl, venskap eða stjórnmalaskoðanir ráða ákvörðunum okkar. Við upplýsum um þau atriði sem kunna að valda hagsmunaárekstrum í störfum okkar og atriði sem geta haft áhrif á sjálfstæði, hlutleysi eða skyldur í starfi.



Við byggjum ákvarðanir okkar á málefnalegum sjónarmiðum og gætum jafnræðis.

6. gr. Umgengni um eigur og nýting fjármuna

Við göngum vel um eigur sveitarfélagsins og tryggjum sem besta nýtingu á fjármunum, í samræmi við þann hátt sem lög, reglur og fyrirmæli segja til um.

Við gætum hagsmuna sveitarfélagsins við ákvarðanir um kaup á vörum og þjónustu fyrir hönd þess ásamt því að gæta persónulegs hlutleysis við val á viðskiptaaðilum í samræmi innkaupareglur.

7.gr. Hæfi

Við tökum ekki þátt í málsmeðferð og ákvörðunum ef við eigum sjálf aðild að málinu, tengjumst málsaðilum fjölskylduböndum eða mál varðar aðila okkur tengdum eins og stjórnsýslulög kveða á um. Við upplýsum um möguleg tengsl og vanhæfi til að taka þátt í málsmeðferð.

8. gr. Gjafir og fríðindi

Við þiggjum ekki greiðslur, fríðindi eða gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiðslu eða sérstaka þjónustu. Við höfum samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort heimilt sé að þiggja gjöf.

9. gr. Tilkynningarskylda og úrvinnsla

Við tilkynnum til næsta yfirmanns eða þar til bærra aðila ef við teljum að brotið hafi verið á siðareglum þessum. Álitamál verða borin undir siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

10. gr. Kynning siðareglna

Siðareglur þessar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Húnaþings vestra þannig að framangreindir aðilar geti kynnt sér efni og inntak þeirra.

Reglur þessar voru samþykktar á 1239. fundi byggðarráðs sem fram fór þann 3. mars 2025 og staðfestar á 389. fundi sveitarstjórnar sem fram fór þann 13. mars 2025 og taka þegar gildi. Á sama tíma falla úr gildi eldri reglur sem tilgreindar voru í 3. gr. mannauðsstefnu Húnaþings vestra frá 2020.



Skjal þetta hefur vísan í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 10.



Efni skjalsins samræmist markmiðum um Heilsueflandi samfélag.